

Skólanámskrá

Grunnskóla Grundarfjarðar

2025-2027



Metnaður - Ánægja - Samvinna - Ábyrgð

Grunnskóli Grundarfjarðar

Borgarbraut 19

350 Grundarfjörður

Heimasíða: , <https://www.grundo.is/>

Facebook síða skólans er: <https://www.facebook.com/grunnskoligrundarfjardar>

Sími: 430-8550

Netfang: grunnskoli@gfb.is

Skrifstofan er opin

mánudaga – fimmtudaga frá kl. 7:50-14:00

föstudaga frá kl. 7:50 – 13:00

Önnur símanúmer:

Heilsdagsskólinn: 841-7663

Íþróttahús: 430-8564

Tónlistarskóli: 430-8560

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Saga og þróun skólans	5
Grunnskóli Grundarfjarðar	5
Stefnur í skólastarfi.....	6
Skólastefna Grunnskóla Grundarfjarðar.....	7
Hlutverk og framtíðarsýn.....	7
Gildi skólans.....	7
Námsumhverfi	8
Vellíðan og félagsfærni	8
Samstarf heimilis og skóla	8
Sjálfbærni og samfélagsvitund	8
Menntastefna Grundarfjarðarbæjar	9
Sérstakar áherslur í skólastarfi	10
Grænfanaverkefnið	11
Heilsueflandi skóli.....	11
Þróunarverkefni.....	12
Kennslufræðileg stefna og kennsluhættir	12
Markmið náms í ljósi aðalnámskrár	12
Grunnþættir menntunar	14
Læsi.....	14
Sjálfbærni.....	14
Heilbrigði og velferð	14
Lýðræði og mannréttindi.....	14
Jafnrétti	14
Sköpun	15
Námsmat og próf.....	15
Fyrirkomulag námsmats	16
Matsferill - könnunarpróf	16
Innra mat á skólastarfi.....	16
Greiningargögn almennt	17

Umbótaáætlun	18
Samstarf heimila og skóla.....	18
Ábyrgð foreldra og mikilvægi samstarfs heimila og skóla	19
Mentor.is	19
Heimanám	19
Tölvusamskipti	19
Sínaviðtöl	19
Þátttaka foreldra í ferðalögum	20
Stoðþjónusta	20
Félags– og skólaþjónusta Snæfellinga	20
Þrepaskipt þjónusta.....	20
Skólaheilsugæsla	21
Tannhirða	22
Sérkennsla/skimanir	22
Nemendur sem þurfa meiri áskoranir í námi	22
Túlkþjónusta	23
Samstarf við framhaldsskóla	23
Námsgrein lokið / Samstarf við FSN	23
Samstarf grunnskóla og leikskóla	23
Af hverju starfsviðmið um samstarf leik- og grunnskóla?	24
Verkefni um samstarf og tengsl leikskóla, 5 ára deildar (Eldhamra) og grunnskóla	25
Tengsl við nærsamfélagið og nýting til náms	26
Móttaka nýrra nemenda	26
Nýbúakennsla	26
Ráð og nefndir	26
Skólaráð	26
Skólanefnd	27
Nemendaverndarráð	27
Nemendaráð/nemendafélag	27
Ýmsar áætlanir	28
Forvarnaráætlun.....	28
Eineltisáætlun.....	28

Forvarnaráætlun gegn hvers konar ofbeldi.....	29
Öryggis- og slysavarnir.....	29
Skyndihjálparáætlun.....	29
Rýmingaráætlun	29
Jafnrétti og mannréttindi	29
Viðbrögð við áföllum	30
Agamál - skólareglur	30

Inngangur

Birt með fyrirvara um samþykki skólaráðs.

Samkvæmt 29. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar og annarra hluta skólanámskrár og skal semja þær í samráði við starfsfólk skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Nánari upplýsingar um skólann eru á heimasíðu skólans sem hefur slóðina

<https://www.grundo.is/>

Saga og þróun skólans

Saga Grunnskóla Grundarfjarðar nær aftur til ársins 1962 þegar Barnaskóli Grafarness, nú Grunnskóli Grundarfjarðar, var vígður 6. janúar eftir nokkurra ára framkvæmdir. Áður hafði skólastarf farið fram í Samkomuhúsinu í Grundarfirði við þröngan kost. Uppbygging skólans hefur fylgt vexti bæjarfélagsins og þróun skólastarfs. Fljótlega eftir vígslu var ljóst að frekari stækkunar var þörf og árið 1975 var tekin í notkun ný viðbygging. Árið 1999 lauk umfangsmikilli stækkun skólans í nokkrum áföngum sem svar við fjölgun nemenda. Undanfarin ár hefur þróun íbúafjölda leitt til breyttra þarfa og nýrrar nýtingar á skólarými, svo sem stofnun Eldhamra fyrir elstu nemendur leikskólans og heilsdagsskóli með lengdri viðveru fyrir yngstu árganga skólans. Saga skólans einkennist af stöðugri þróun til að mæta þörfum nemenda og samfélagsins í Grundarfirði.

Grunnskóli Grundarfjarðar

Grunnskóli Grundarfjarðar stendur á holtinu efst við Borgarbraut í Grundarfirði en skólahúsnæðið var vígt formlega 6. janúar 1962. Grunnskólinn er heildstæður grunnskóli með bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Heildarfjöldi nemenda starfsárið 2025– 2026 eru 122 og 27 starfsmenn. Í skólahúsnæðinu er bæði íþróttahús og sundlaug. Á neðri hæð íþróttahúss er starfræktur Tónlistarskóli Grundarfjarðar ásamt líkamsræktarstöð. Í grunnskólanum er starfræktur heilsdagsskóli eftir að skóla lýkur á daginn fyrir nemendur í 1. -3. bekk og hefur hann aðgang að húsnæði skólans eins og þurfa þykir til að skapa fjölbreytileika í leik- og starfi nemenda. Vorið 2016 tók svo ný deild til starfa innan veggja grunnskólans, 5 ára deild, Eldhamrar þar sem elsti árgangur leikskólanemenda var fluttur frá leikskólanum Sólvöllum og í húsnæði grunnskólans.

Skólaárið 2025-2026 eru þar 8 nemendur og 4 starfsmenn.

Skólahúsnæðið skiptist í þrjá hluta, efri og neðri hæð ásamt list- og verkgreina hluta en þar er einnig aðstaða Eldhamra ásamt aðstöðu fyrir skólahjúkrunarfræðing og félags og skólaþjónustu Snæfellinga. Á neðri hæð eru nemendur í 8. - 10. bekk, kennslustofur faggreinakennara, raungreina- og heimilisfræðistofa ásamt bókasafni, aðstöðu fyrir heilsdagsskóla og skrifstofur skólastjórna. Á efri hæð eru nemendur í 1. – 7. bekk, aðstaða stoðþjónustu Gjafadalur og matsalur. Í tengingu á milli svæða er kaffistofa, vinnuherbergi kennara og aðstaða ritara.

Undanfarin ár hefur skólinn unnið markvisst að námi við hæfi hvers og eins. Notast er við fjölbreytt námstækifæri, sveigjanlega kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Áhersla er lögð á læsi, teymiskennslu, lestur, lífsleikni, skapandi skólastarf, foreldrasamstarf, jákvætt viðmót, samkennd og góða samvinnu.

Inn á heimasíðu skólans, <https://www.grundo.is/> má m.a. finna námsáætlanir, skólareglur, eineltisáætlun, mat á skólastarfi, viðbragðsáætlanir, upplýsingar um mötuneyti, skóladagatal, umbótaáætlun, fréttir úr daglegu starfi skólans o.fl.

Skólamerki Grunnskóla Grundarfjarðar var unnið árið 2002 af Björk Harðardóttur, grafískum hönnuði. Merkið er táknrænt og hægt að túlka á ýmsa vegu. Það er m.a. hugsað sem hluti af jarðarkringlunni þ.e. við erum sett í samhengi með stærri heild, það getur táknað leik, þ.e. ef horft er á línurnar sem net. Einnig liggur að baki hugmyndinni sú hugsun að línurnar myndi útbreiddan fagnandi faðm. Allt getur þetta vel tengst skólastarfinu, vinnugleði, víðsýni, leik og einnig að við lítum á okkur sem hluta af stærri heild.

Stefnur í skólastarfi

Skólastefna Grunnskóla Grundarfjarðar tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og nýrri menntastefnu Grundarfjarðarbæjar <https://www.grundo.is/static/files/Aaetlanir/menntastefna-grundarfjardarbaejar-2023.pdf> sem gildir til ársins 2028. Gildi skólans, metnaður ánægja, samvinna og ábyrgð fléttast inn í skólasamfélagið og stefnu skólans.

Samkvæmt lögum um grunnskóla segir í 2. grein, að hlutverk hans, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla eiga að móta af umburðarlyndi, kærleika og arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu

samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Í 2. grein laga um grunnskóla kemur einnig fram að stuðla skuli að víðsýni hjá nemendum. Að efla skuli færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks, á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skulu veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið leggur grund að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og eflir hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Jafnframt er lögð áhersla á að skólinn stuðli að góðu samstarfi heimilis og skóla með það markmið að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Skólastefna Grunnskóla Grundarfjarðar

Hlutverk og framtíðarsýn

Grunnskólinn er lærdómssamfélag þar sem nemendur, starfsfólk og foreldrar vinna saman að því að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi. Skólinn stuðlar að þroska, þekkingu og lífsgleði nemenda með áherslu á virðingu, fjölbreytni og jafnræði.

Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur fá hvatningu og leiðsögn til að gera ávallt sitt besta. Áhersla er á að nemendur nái árangri og sýni framfarir miðað við eigin forsendur og getu og fái gott veganesti út í lífið. Skólinn vinnur markvisst að því að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk ásamt því að hann njóti álits fyrir framsækið skólastarf.

Við viljum alltaf vinna að því að efla og bæta skólabrag og skólamenningu þannig að nemendur sýni árangur og fái að vera þeir sjálfir í öruggu umhverfi.

Gildi skólans

- Metnaður – Við hvetjum nemendur og starfsfólk til að leggja sig fram, setja sér markmið og sækjast eftir árangri í námi og starfi.
- Samvinna – Við byggjum upp sterkt samfélag þar sem samvinna og samskipti eru grundvöllur góðs námsumhverfis.
- Ábyrgð – Við berum ábyrgð á eigin námi, hegðun og framlagi til samfélagsins.
- Ánægja – Við viljum að nemendur upplifi gleði og vellíðan í skólanum og finni tilgang í námi og leik.

Námsumhverfi

- Kennsla er einstaklingsmiðuð og fjölbreytt, með áherslu á virkni, sköpun og gagnrýna hugsun.
- Tækni og nýsköpun eru nýtt á skapandi og ábyrgan hátt.
- Námið er tengt lífi og samfélagi nemenda.

Vellíðan og félagsfærni

- Skólinn vinnur markvisst að því að efla sjálfsmynd, félagsfærni og tilfinningagreind nemenda.
- Einelti er ekki liðið og unnið er samkvæmt skýrum verkferlum til að tryggja öryggi allra.
- Stuðningur er veittur í samræmi við þarfir nemenda.

Samstarf heimilis og skóla

- Foreldrar eru virkir þátttakendur í skólastarfi og upplýsingaflæði er reglulegt og gagnkvæmt.
- Skólinn styður við uppeldishlutverk foreldra og býður upp á fræðslu og samráð.

Sjálfbærni og samfélagsvitund

- Skólinn stuðlar að umhverfisvitund og ábyrgri þátttöku í samfélaginu.
- Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúru, menningu og fjölbreytileika.

Leiðir að settu marki eru að:

- allur aðbúnaður til náms og kennslu sé eins góður og kostur er.
- samskipti innan skólans séu uppbyggileg og einkennist af virðingu, metnaði og ábyrgð.
- huga að líðan nemenda með það í huga að auka ánægju og skapa umhverfi það sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- skólasamfélagið sé sterkt og að nemendur og starfsfólk fái tækifæri til að rækta styrkleika sína.
- Skólasamfélagið sé lýðræðislegt, tekið tillit til ólíkra skoðana þar sem allir geta haft áhrif á sitt umhverfi.
- þróunarstarf sé fjölbreytt og í stöðugri endurnýjun.
- Umhverfi sé skapandi, náms- og kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.
- nám og kennsla einkennist af áhugaverðum, markvissum og skapandi verkefnum.

- samþætt þemanám og leiðsagnarnám sé hluti af öllu starfi skólans.
- nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og eigi þátt í að skapa þær aðstæður sem þeim finnst best að vinna í.
- nemendur séu meðvitaðir um hvert þeir stefna og fái markvissa endurgjöf frá kennurum á leiðinni að settu marki.
- námsmat byggist á leiðsagnarmati og miðist við að hvetja og leiðbeina nemendum.
- leggja áherslu á alhliða þroska nemenda með áherslu á samskiptahæfni, nærgætni, tillitssemi, heilbrigði jafnrétti og lýðræði.
- samstarf við foreldra sé gott þannig að þeir geti stutt sem best við nám barna sinna.
- tengsl við nærsamfélagið sé öflugt, skapandi og snúi að sem flestum þáttum skólastarfsins.
- vera áfram heilsueflandi skóli og stuðla að góðri andlegri og líkamlegri heilsu með fjölbreyttum tækifærum.
- vera áfram Grænfánaskóli sem vinnur markvisst að sjálfbærni með gróðursetningu og ræktun ásamt öðrum umhverfisverkefnum.
- Vera jákvæð fyrir Erasmus+ verkefnum til að auka víðsýni og fjölbreytni í skólastarfi.

Menntastefna Grundarfjarðarbæjar

Meginmarkmið:

- að fylgja eftir stefnu stjórnvalda og mennta nemendur samkvæmt áherslum í aðalnámskrá.
- að starfsumhverfi sé heilbrigt og öruggt þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að þróa sig áfram í starfi.
- að starfsfólk félagsmiðstöðvar og íþrótt- og æskulýðsstarfs vinni saman við að tryggja fjölbreytt og lifandi starf með börnum með áherslu á samfellu í leik og námi.
- að nemendur finni skýran tilgang með þeim viðfangsefnum sem unnið er að og séu virkir þátttakendur í skipulagi þar sem hlustað er á raddir þeirra.
- að samskipti heimilis og skóla einkennist af góðri samvinnu, virðingu og skýru upplýsingaflæði sem styður við þátttölu foreldra og forsjáraðila.
- að innra mat sé kerfisbundið, byggt á gæðaviðmiðum og samofið skólastarfi.
- að unnið sé að Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbærni og Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.
- að skóla- og frístundastarf sé framsækið þar sem öllum líður vel og allir fá tækifæri

við hæfi í lærdómssamfélagi.

Sjá nánar á heimasíðu skólans <https://www.grundo.is/>

Sérstakar áherslur í skólastarfi

Áhersla verður lögð á að efla skólasamfélagið, bæði innra og ytra samfélag skólans enn frekar með ýmsum hætti. Aftur hefur verið komið á upplýsingafundum að hausti fyrir foreldra allra nemenda skólans. Þar sem það gaf góða raun er ætlunin að framhald verði á því. Foreldrafundur eru haldir á fyrstu vikum skólaársins. Foreldra- nemendaviðtöl eru í október, þar sem foreldrar fá boð um að hitta kennara einslega ásamt nemanda. Önnur samskipti fara á milli umsjónarkennara og forráðamanns með ýmsum hætti s.s. póstsamskiptum, fundum eða símtölum eins oft og þarf hverju sinni.

Grunnskólinn mun halda áfram markvissri vinnu við að innleiða útikennslu ásamt áttthagafræði í starf skólans. Með tilkomu nýs útivistar- og útikennslusvæðis í Þríhyrningi gefst kostur á aukinni fjölbreytni.

Grunnskóli Grundarfjarðar er skóli á grænni grein og flaggaði nýjum fána í janúar 2022. Unnið verður eftir umhverfisstefnu Grænfána verkefnisins í vetur. Sjálfbærni er partur af þeirri stefnu og munum við leitast við að vinna að aukinni sjálfbærni.

Skólinn hefur fest kaup á gróðurhúsi sem sett verður upp á skólalóðinni síðast liðið haust. Unnið verður að því í vetur að þróa það starf. Næsta vor ætti allt að vera tilbúið til ræktunar.

Skólinn hefur mótað stefnu sem heilsueflandi skóli. Unnið verður markvisst áfram að heilsueflandi verkefnum.

Þetta skólaár verður starfandi teymi í skólanum sem vinnur að því að samþætta áherslur í áttthagafræði, grænfánaverkefni, heilsueflingu og útikennslu.

Stefnt er að því að efla teymiskennslu enn frekar þar sem kennarar eru hvattir til að blanda saman árgöngum en við reynum að skapa grundvöll fyrir það t.d. með því að samstillta stundatöflur árganga eins og kostur er.

Lögð verður áhersla á samþættingu námsgreina á unglingastigi.

Lögð verður áhersla á að efla enn frekar úrval valgreina á öllum stigum skólans en mikil þróunarvinna var unnin á síðasta skólaári sem við munum styrkja enn ferkar í vetur.

Mörg skemmtileg verkefni voru sett á dagskrá.

Öflugur nemendakór er starfandi við skólann sem hélt glæsilega tónleika í vor og verður haldið áfram í vetur að efla hann og styrkja.

Stefna skólans er að taka almennt þátt í Erasmus+ verkefnum. Skólinn er með verkefni í umsóknarferli um samstarf við Paimpol vinabæ Grundarfjarðarbæjar í Frakklandi.

Unnið hefur verið að því undan farin ár að efla leiklist og leiklistarkennslu við skólann síðasta ár. Það má sjá t.d í verkefninu jólasögurinn og í valgreinum þar sem er í boði að

velja leiklist, búningagerð, förðun og fl.

Grænfánaverkefnið

Grunnskóli Grundarfjarðar varð skóli á grænni grein árið 2013 og flaggaði þá Grænfánanum í fyrsta sinn. Í janúar 2022 fékk skólinn Grænfánann afhentan í annað sinn.

Skólar á grænni grein styðja við umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og almennt umhverfisstarf í skólum á öllum skólastigum.

Markmið verkefnisins eru að:

- bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- efla samfélagskennd innan skólans.
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.

Grænfáninn sjálfur er viðurkenning eða verðlaun til skóla sem vinna að sjálfbærnimenntun á einhvern hátt. Hver skóli vinnur eftir skrefunum sjö, setur sér markmið og virkir nemendur.

Einn liður í því að vera skóli á grænni grein er að innan skólans sé starfandi umhverfisnefnd sem skipuleggur og stýrir verkefninu. Nefndin á að starfa samkvæmt lýðræðislegum leikreglum og nemendur eiga að gegna þar lykilhlutverki. Nefndin hittist a.m.k. þrisvar á hvorri önn og í henni sitja fulltrúar nemenda, kennara og skólaliða. Sjá nánar hér: <https://landvernd.is/graenfaninn/um-skola-a-graenni-grein/>

Heilsueflandi skóli

Grunnskólinn hefur unnið að því undanfarin ár að fá vottun sem Heilsueflandi skóli en úttekt mun fara fram 2024. Meginmarkmiðið er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra. Sjá nánar hér: <https://www.heilsueflandi.is/>

Þróunarverkefni

Einn af grunnþáttum skólaþróunar er að taka þátt í fjölbreyttum þróunarverkefnum á öllum sviðum skólastarfsins. Ýmist er um að ræða formleg þróunarverkefni sem styrkt eru eða studd af opinberum aðilum eða smærri verkefni sem farið er í framhaldi af ytra- eða innra mati á skólastarfi. Öll þróunarverkefni miða að umbótum eða nýbreytni eins og breyttum kennsluaðferðum eða nýjum nálgunum á einhverjum þáttum í skólastarfinu. Engin ný þróunarverkefni eru í gangi í skólanum sem snúa að nemendum.

Kennslufræðileg stefna og kennsluhættir

Grunnskóli Grundarfjarðar vinnur samkvæmt lögum um skóla án aðgreiningar.

Kennslufræðileg stefna byggir á einstaklingsmiðuðu námi sem mætir sem best þörfum hvers og eins nemanda. Miðað er við að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar þar sem nemendur geta eflt sjálfstæð vinnubrögð og trú á eigin getu ásamt því að sýna stöðugar framfarir. Leitarnám og hópavinna ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum leggur grunn að fjölbreyttu námi.

Lögð er áhersla á að nemendur séu stöðugt að sýna framfarir það sem leiðsagnarmat er lagt til grundvallar.

Lögð er áhersla á teymisvinnu nemenda og kennara. Nemendur vinna saman í teyllum að hinum ýmsu verkefnum þar sem námsgreinar eru samþættar og eins eru teymin annað hvort innan árganga eða þvert á árganga eftir verkefnum.

Kennarar vinna saman í teyllum og námsgreinar eru samþættar eins og kostur er. Þetta er ýmist gert innan árganga eða þvert á stig.

Markmið náms í ljósi aðalnámskrár

Í Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2025 segir að almenn menntun stuðli á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Einnig að almenn menntun miði að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún sé hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Markmið kennslu og skólastarfs byggja á meginviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla þar sem áhersla er lögð á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og heildræna hæfni nemenda. Í skólastarfinu er unnið að því að:

1. Stuðla að hæfni nemenda í öllum grunnþáttum menntunar

Nemendur fá tækifæri til að þroska læsi, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og jafnrétti í daglegu námi og verkefnum.

Dæmi um verkefni:

- Nemendur lesa fréttir og greina hvernig þær tengjast sjálfbærni og samfélagsþróun.
- Sköpunarverkefni þar sem nemendur hanna plaköt um heilbrigðan lífsstíl.

2. Efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda

Markmiðið er að nemendur læri að taka upplýstar ákvarðanir, bera ábyrgð á eigin námi og virða fjölbreytileika í samfélaginu.

Dæmi um verkefni:

- Nemendur setja sér persónuleg námsmarkmið og fylgjast með framvindu í námsdagbók.
- Verkefni þar sem nemendur velja rannsóknarefni og kynna niðurstöður fyrir bekknum.

3. Þróa hæfni til samstarfs og samskipta

Í anda námskrár er lögð áhersla á samvinnu, virðingu og gagnrýna hugsun sem undirbýr nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Dæmi um verkefni:

- Hópverkefni þar sem nemendur vinna saman að lausn á t.d. umhverfisvandamáli í heimabyggð.
- Umræðutímar þar sem nemendur læra að hlusta, spyrja og rökstyðja skoðanir.

4. Tengja nám við raunverulegt líf og framtíðarsýn

Námið er merkingarbært og tengist daglegu lífi nemenda, ásamt því að undirbúa þá fyrir áframhaldandi nám og atvinnulíf.

Dæmi um verkefni:

- Nemendur búa til fjárhagsáætlun fyrir heimili og ræða áhrif neyslu á umhverfið.
- Verkefni um atvinnugreinar í nærsamfélaginu og hvaða hæfni þarf til að starfa þar.

Grunnbættir menntunar

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreindir sex grunnbættir sem eiga að vera leiðarljós í starfi skólans. Mikilvægt er að þeir fléttist inn í allt skólastarf.

Læsi

Horfa skal á læsi í sem viðtækustum skilningi og efla það á sem víðtækastan hátt. Hlutverk allra kennara er að efla læsi á sem fjölbreyttastan hátt. Kennsluhættir eru fjölbreyttir til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Sjálfbærni

Grunnskóli Grundarfjarðar er Grænfánaskóli og nýtir það verkefni á sem fjölbreyttastan hátt til að nemendur öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærni með virkri þátttöku í verkefnum svo sem gróðursetningu, ræktun, flokkun og hreinsun á nærumhverfi.

Heilbrigði og velferð

Grunnskóli Grundarfjarðar er heilsueflandi skóli og nýtir verkefni því tengd ásamt öðrum verkefnum sem tvinnuð er inn í allt skólastarf til að efla heilbrigði og velferð. Á hverju ári er lögð áhersla á að nemendum sé boðið uppá góða fyrirlestra tengda heilbrigði og velferð frá fagaðilum.

Lýðræði og mannréttindi

Menntun lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að nemendur skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt að nemendur öðlist færni til að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig framtíðarsýn og hugsjónir til að beita sér fyrir. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna á að vera í forgrunni skólastarfsins. Starf skólans grundvallast á lýðræðislegri hugsun þar sem nemendur hafa tækifæri til að taka þátt í að skapa námsumhverfi, áhugi nemenda er efldur til að taka ábyrgð á eigin námi og gjörðum sínum. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins sem fléttast þarf inn í allar námsgreinar. Bekkjárfundir, nemendaping, kosningar um ýmis málefni eru partur af þessari menntun ásamt margvíslegum verkefnum sem lögð eru fyrir nemendur og þau þurfa að ígrunda og taka afstöðu til.

Jafnrétti

Jafnrétti í sínum víðasta skilningi er hluti af öllu skólastarfi með það að leiðarljósi að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og ná að verða virkir þátttakendur

í lýðræðislegu samfélagi þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín til fullnustu. Til að stuðla að jafnrétti þarf að útrýma hverskyns fordómum, Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi eru nátengd og sambættast inn í allt daglegt skólastarf ásamt því að lögð eru fyrir sérstök verkefni sem styðja við jafnrétti.

Sjá jafnréttis og mannréttindastefnu skólans hér:

<https://www.grundo.is/static/files/jafnrettisaaetlun.pdf>

Forvarnarstefna er í endurskoðun, linkur á hana kemur inn hér.

Sköpun

Skapandi skóli er skóli þar sem fram fer fjölbreytt skólastarf þar sem m.a. er farið út fyrir veggj skólans í skapandi starfi. Kennsluaðferðir eiga að vera fjölbreyttar og nemendur þurfa frelsi til að vinna sín verkefni á skapandi og fjölbreyttan hátt. Þetta er gert m.a. með því að auka val nemenda á því hvernig þau skila verkefnum ásamt því að efla valgreinar og hafa þær sem fjölbreyttastar.

Námsmat og próf

Tilgangur námsmats grundvallast á lögum um grunnskóla nr.91/2008 en þar stendur í 27. gr.: „Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.“

Námsmatið fer fram á ýmsa vegu, s.s. með leiðsagnarmati, símati og fl. sem er skráð allan veturinn þ.e. frammistaða í tímum, skil á verkefnum og heimanámi, þegar það á við, vinnubrögð og vandvirkni. Mat er gefið á árangur við skýrslugerð, ritgerðir og verkefnavinnu ýmis konar, og prófamat er notað þar sem árangur á prófum er metin.

Námsmat tekur tillit til einstaklingsins þroska hans, getu og bakgrunns.

Nemendur á sama aldri fá ekki endilega sambærileg próf eða mat heldur getur verið um einstaklingsmiðun að ræða og sérstakt mat eftir bakgrunni nemandans. Þegar um slíkt er að ræða er það merkt sérstaklega á námsmatsblöðum nemenda.

Einnig getur verið um frávík að ræða hjá nemendum við próftöku s.s. að próf eru lesin fyrir nemendur eða nemandi tekur munnleg próf. Enn fremur fá sumir nemendur lengri próftíma og fá að taka próf í minni hópum.

Engir sérstakir prófdagar eru í skólanum en í annarlök liggur fyrir námsmat. Í öllum greinum er vitnisburður skráður inn á hæfnikort eða vitnisburðarspald sem nemendur

sækja á Mentor.is eða fá afhent með upplýsingum um árangur annarinnar. Námsmat er m.a. unnið með símati og fært inn á hæfnikort nemanda. Metnaður, ábyrgð, samvinna og áhugi er síðan metin sérstaklega auk þess sem tekið er tillit til mætingar nemanda yfir önnina. Umsjónarkennarar eru í sambandi við foreldra svo oft sem þurfa þykir vegna námsframvindu nemenda.

Í þeim hluta skólanámskrár sem lýsir námsgreinum og viðmiðum er að finna nánari lýsingu á námsmati fyrir hverja námsgrein.

Fyrirkomulag námsmats

Áhersla er á leiðsagnarmat, símat og kannanir sem teknar eru jafnt og þétt yfir veturinn á skólatíma. Á hvorri önn er frammistöðumat og í lok skólaárs er reiknuð út lokaeinkunn sem samanstendur af meðaltali námsárangurs beggja anna. Sú einkunn sem gefin er fyrir hvora önn á að sýna raunverulega getu nemandans í námsgreininni. Einnig eru gefnar umsagnir á yngsta stigi, eldri nemendur fá einnig umsagnir og mat á frammistöðu eftir því sem við á.

Matsferill - könnunarpróf

Skólinn leggur fyrir alla bekki lesfimiþróf í september, janúar og maí ár hvert en það eru samræmd lestrarskimun á vegum Menntamálastofnunar. Einnig eru lögð fyrir lesskilningþrófin Orðarún eru lögð fyrir 1. – 8. Bekk. Þau eru einnig á vegum MMS, miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Leskimunarpróf er lagt fyrir 1. bekk í október ár hvert.

Nú í vetur verður innleiddur matsferill í stærðfræði í fyrsta skipti. Áætlað er að hann verði tilbúinn í mars 2026 og nái yfir alla bekki grunnskólans. 4., 7. og 9. bekkur taka próf á landsvísu en skólinn hefur val um hvort aðrir bekkir taki prófin. Skimunarprófin eru hluti af nýjum matsferli MMS. Sjá nánar hér: <https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/um-matsferil>

Innra mat á skólastarfi

Kerfisbundið sjálfsmat á innri starfsemi grunnskóla er bundið í lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36. gr. Sjálfsmat byggir á því að skoða starfsemi skóla með tilliti til þess að bæta skólastarf, að ná settum markmiðum ásamt því að fylgja og þróa stefnu skólans til

fram tíðar. Greining á veikleikum og styrkleikum skóla er nauðsynleg til að bæta það sem þarf að bæta og byggja undir það sem vel er gert.

Þetta skólaár er markvisst unnið með starfsfólki Ásgarðs að innleiðingu á nýju innra matskerfi fyrir grunnskólann.

Til að sjálfsmat nýtist sem best þarf það að vera langtímamiðað og í stöðugri þróun. Til að ná til sem flestra þátta skólastarfsins þarf að safna fjölbreyttum upplýsingum frá sem flestum sem að skólastarfi koma s.s. frá nemendum foreldrum og starfsfólki.

Skólinn birtir langtímaáætlun innra mats á heimasíðu skólans, sjá hér <https://www.grundo.is/static/files/Aaetlanir/langtimaaaetlun-grundarfj-innra-mat-vor-2024.pdf>. Einnig ársáætlun innra mats og umbótaáætlun sem lýsa framkvæmd og niðurstöðum sjálfsmatsins ásamt umbótum.

Greiningargögn almennt

Greiningargögn geta verið breytileg milli ára þar sem einstaka kannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár. Einnig þróast greiningagögn og taka breytingum frá ári til árs eitthvað dettur út og nýtt kemur inn.

Neðan taldir þættir eru þeir þættir sem lögðer áhersla á:

- Almennt leggur skólinn áherslu á símat sem unnið er jafnt og þétt allan veturinn. Símatið er síðan dregið saman í lokaniðurstöður fyrir hvern og einn nemanda a.m.k. tvisvar á skólaárinu sem birtar eru foreldrum á Mentor. Matið inniheldur frammistöðu í námi ásamt mati á líðan í skóla.
- Lesfimi er lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið þ.e. í september, janúar og maí. Menntamálastofnun birtir niðurstöður sínar í október, febrúar og júní. Umsjónarkennarar koma niðurstöðum áfram til foreldra.
- Íslenska æskulýðsrannsóknin lögð fyrir 4. – 10 bekk í febrúar/mars ár hvert
- Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir 6. – 10. bekk í október og apríl en skólapúlsinn birtir heildar niðurstöður sínar fyrir báðar kannanir í byrjun júní ár hvert.
- Starfsmannakönnun Skólapúlsins lögð fyrir næst í febrúar 2026 en hún er lögð fyrir annað hvert skólaár.
- Foreldrakönnun Skólapúlsins lögð fyrir í febrúar annað hvert ár, næst febrúar 2027.
- Starfsmannafundir og/eða kennarafundir þar sem rýnt er í ýmis mál til úrbóta.
- Bekkjafundir þar sem rædd eru ýmis mál sem ýmist er hægt að leysa á staðnum en geta líka þurft frekari úrvinnslu.

- Einstaklingsviðtöl við nemendur.
- Innlit í tíma
- Jafningjamat, kennarar setjast inn í kennslustofur hver hjá öðrum.
-

Umbótaáætlun

Við vinnslu greiningargagna verður til innra matsskýrsla. Hún inniheldur greiningu á veik- og styrkleikum í skólastarfi sem fram koma í greiningargögnum. Samhliða innra matsskýrslu er útbúin umbótaáætlun sem inniheldur þá þætti sem þarfnast meiri skoðunar. Í henni má finna þá þætti sem taka þarf fyrir og til hvaða aðgerða verður gripið. Hvaða markmiðum á að og hvernig á að ná settum markmiðum. Aðgerðir eru tímasettar og ábyrgðarmenn eru tilteknir. Innra matsskýrslu ásamt umbótaáætlun má finna á heimasíðu skólans.

Samstarf heimila og skóla

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf heimilis og skóla enda er það einn lykillinn að farsælu námi, árangri og vellíðan nemenda sem byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna. Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna og eiga gott samstarf við skóla. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna. Haldnir verða haustfundir með foreldrum allra bekkja núna í september þar sem kynning fer fram á starfi vetrarins ásamt stefnu skólans.

Mikilvægt er að foreldrar upplýsi starfsmenn skólans um atriði sem geta haft áhrif á líðan nemandans í skólanum, (t.d. viðburðir, áföll, veikindi). Foreldrar geta alltaf leitað til starfsfólks skólans með öll þau mál og spurningar sem upp kunna að koma varðandi barnið og starfsemi skólans.

Áhersla er lögð á reglulegar upplýsingar um líðan og námsframvindu frá skóla til heimilis og einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem upp kunna að koma. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við kennara og einnig eru höfð samskipti með tölvupósti, fundum og í gegnum Mentor.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við starfsfólk skólans til að koma ábendingum á framfæri. Því að gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli starfsfólks skóla og heimila stuðlar að gagnkvæmu trausti.

Ábyrgð foreldra og mikilvægi samstarfs heimila og skóla

Foreldrar bera ábyrgð á skólasókn og námi barna sinna. Nauðsynlegt er að brýna fyrir börnum góða hegðun, samvirkusemi og stundvísi frá upphafi skólagöngu allt til loka hennar. Mikilvægt er að nemendur fái nægan svefn og góða næringu áður en þeir mæta í skólann svo tíminn nýtist þeim betur og þeir nái að sinna náminu af athygli. Enn fremur á nesti sem þeir koma með að vera hollt og gott.

Þegar óskað er eftir að nemandi fái frí frá skóla bera foreldrar ábyrgð á því að hann nái upp því sem hann kann að missa úr í námi á meðan á fríi eða veikindum stendur. Hægt er að fá upplýsingar um heimanám inni á Mentor en allir foreldrar og einnig nemendur hafa aðgangsorð inn á svæði nemandans. Einnig er hægt að leita upplýsinga hjá kennurum eða öðrum nemendum.

Þegar óskað er eftir fríi meira en tvo daga þarf foreldri að undirrita sérstakt blað sem er að finna á heimasíðu skólans eða hjá skólaritara þar sem tekið er fram hve lengi leyfið stendur yfir.

Mentor.is

Kennarar og ritari færa inn upplýsingar um skólasókn, ástundun, námsmat og heimavinnu nemenda í Mentor.is. Meginreglan er að kennarar skrái heimavinnu í Mentor.is.

Heimanám

Mjög mikilvægt er að nemendur stundi heimanám sitt af samvirkusemi og dugnaði. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með námi barna sinna og gæta þess að þau komi ávallt með þær bækur sem þarf fyrir hvern dag og íþróttafatnað þá daga sem við á.

Tölvusamskipti

Í auknum mæli fara samskipti kennara og foreldra fram í gegnum tölvupóst og hefur það gefist mjög vel. Þar með komast skilaboðin örugglega áleiðis og ekki þarf að bíða eftir símasambandi við viðkomandi.

Símaviðtöl

Ekki er um fasta viðtalstíma hjá kennurum að ræða en foreldrar geta hringt í skólann hvenær sem er frá 7:50 - 14:00 og óskað eftir samtali við kennara eða að hann hafi samband við fyrsta tækifæri.

Þátttaka foreldra í ferðalögum

Óskað er eftir þátttöku foreldra í vorferðalögum nemenda. Í flestum tilfellum er um að ræða dagsferðir.

Stoðþjónusta

Samkvæmt lögum er sveitarfélögum skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu og að allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum. Þó þarf einhver hluti nemenda lengri eða skemmri tíma til þess að ná sömu markmiðum sem koma fram í aðalnámskrár grunnskóla. Í þeim tilfellum þarf að aðlagja námið sérstaklega að þeim nemendum. Mikilvægt er að finna leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og að veita hverjum og einum menntun við hæfi. Deildarstjóri, Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir heldur utan um stoðþjónustu skólans.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) sér um skipulag á sérfræðiþjónustu fyrir skólann í samræmi við 40. grein grunnskólalaga og reglugerð þar að lútandi. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sér um að ráða sérfræðinga sem starfa m.a. í leik og grunnskólum á Snæfellsnesi, eins og þjónustu sál-, félags- og talmeinafræðinga, námsráðgjöf auk forvarnafræðslu og ráðgjafar. Einnig sér FSSF um að skipuleggja námskeið fyrir skólafólk.

Sérfræðingar sem koma í skólann eru:

Berglind Elva Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ragnar Hjörvarsson, talmeinafræðingur

Inga Stefánsdóttir, sálfræðingur.

Þrepaskipt þjónusta

Skólastarf í Grundarfirði byggir m.a. á grunni farsældarlaga nr. 86/2021, sem miða að því að tryggja öllum börnum viðeigandi stuðning á réttum tíma og af réttum aðilum. Í lögunum er lögð áhersla á að þjónusta við börn skuli vera stigskipt og samræmd, þannig að óháð aðstæðum njóti þau sömu tækifæra til náms, þátttöku og þroska.

Þjónustan er veitt í skólakerfinu er skipulögð í þremur stigum og byggir á samvinnu skóla við aðra aðila innan sveitarfélagsins og þegar þörf er á, einnig við heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þessi stigskipting tryggir sveigjanleika og nákvæma þjónustu við þarfir hvers barns.

Prepin eru:

1. **Fyrsta stig:** Almenn þjónusta sem öll börn eiga rétt á innan síns daglega umhverfis, t.d. innan skóla. Í Grundarfirði er tryggt að öll börn hafi aðgang að góðu námsumhverfi þar sem kennsluaðferðir og verkefni taka mið af fjölbreyttri hæfni nemenda ásamt forvörnum.
2. **Annað stig:** sérhæfðari stuðningur sem veittur er af sérfræðingum innan skólans eða sveitarfélagsins. Nemendur sem þurfa meiri stuðning en unnt er að veita innan ramma almennrar kennslu fá viðbótarstuðning, til dæmis í formi einstaklingsnámskrár, sérkennslu eða þjónustu frá fagfólki. Ef þörf krefur getur sveitarfélagið í samráði við forsjáraðila, tilnefnt málstjóra til að halda utan um málið.
3. **Þriðja Stig:** Flókin og samþætt þjónusta þar sem fleiri þjónustukerfi koma að, svo sem félags – eða heilbrigðisþjónusta. Málstjóri heldur þá utan um málið og tryggir samþætta þjónustu. Þetta stig er ætlað börnum sem glíma við margþættar og viðvarandi áskoranir í lífi sínu og þurfa samhæfðan stuðning frá fleiri aðilum.

Stigskiptingin tryggir að hvert barn fái þjónustu við hæfi. Samþætt þjónusta er grundvöllur stigskiptrar þjónustu og forsjáraðilar geta óskað eftir henni. Barnið getur verið á fleiri en einu þjónustustigi samtímis, allt eftir því hvaða þörfum þarf að mæta. Börn sem fá þjónustu á öðru eða þriðja stigi fá jafnframt þjónustu á fyrsta stigi.

Samþætt þjónusta er alltaf veitt í samráði við forsjáraðila sem þurfa að samþykkja hana og geta afturkallað hana hvenær sem er.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla í skólum lýtur stjórn heilbrigðisyfirvalda. Hjúkrunarfræðingur er Dagný Ósk Guðlaugsdóttir og Dóra Aðalsteinsdóttir er sjúkraliði, þær eru jafnframt starfsmennHVE í Grundarfirði. Hjúkrunarfræðingur er með fasta viðveru í skólanum á fimmtudögum, milli kl. 8:00 og 12:00. Markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að barn þroskist við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Starf skólahjúkrunarfræðings felst aðallega í heilbrigðishvatningu, fræðslu og ráðgjöf, að fylgjast með líkamsvexti og þroska, mæla heyrn og sjón og aðstoða börn við úrlausnir.

Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem sinna barninu. Þurfi barn lyf í skólanum ber

foreldrum/forráðamönnum að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing þar sem hann ber ábyrgð á lyfjagjöfum á skólatíma.

Góð hvíld, góður svefn og holl næring er undirstaða góðs heilbrigðis

Tannhirða

„Betra er heilt en vel gróið“ því er nauðsynlegt að foreldrar sinni tannheilsu barna sinna, noti flúor og bursti reglulega, tvisvar á dag með flúortannkremi. Ráðlagt er að skola ekki eftir tannburstun heldur láta tannkrem liggja á tönnum. Reglulegt eftirlit með tönnum er mikilvægt og er það á ábyrgð foreldra.

Sérkennsla/skimanir

Sérkennsla er ein leið skólans til þess að mæta mismunandi getu og þörfum nemenda. Markmið hennar er að reyna að koma til móts við nemendur með námsörðugleika og þá sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða. Mikilvægt er að aðlaga námið eftir þörfum hvers og eins.

Mikil áhersla er einnig lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir en í því felst m.a. að finna þá nemendur sem hugsanlega koma til með að eiga í erfiðleikum með nám sitt. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að nauðsynlegt sé að finna þessa nemendur sem allra fyrst á skólagöngunni. Í ljósi þessa eru gerðar hinar ýmsar skimanir á hverju skólaári til að greina námslega stöðu nemenda. Unnið er úr niðurstöðunum og úrræði fundin sem henta hverjum og einum.

Skólinn nýtir lesfimiþrófin og lesfimi viðmiðin sem Menntamálastofnun gefur út og heldur utan um til að fylgjast með lestrarframvindu nemenda.

Þeir nemendur í 3. - 10. bekk sem eru undir almennum viðmiðunum síns bekkjar í lestri taka gjarnan Logos prófið sem greinir lestrarvanda.

Öll vinna með nemendur í sérkennslu er unnin í samráði við umsjónarkennara og með leyfi foreldra og forráðamanna og þeim er einnig tilkynnt þegar athuganir eru gerðar.

Nemendur sem þurfa meiri áskoranir í námi

Hafi nemandi sýnt framúrskarandi árangur í námsgrein getur hann í samráði við foreldra, kennara og skólastjórnendur gert einstaklingsáætlun sem miðar að hraðari og/eða ítarlegri yfirferð námsefnis í samræmi við getu nemandans. Einstaklingsáætlun byggist á

sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð á eigin námi. Nemendur á unglingastigi sem klára 10.bekkjar námsefni með viðeigandi hætti eiga möguleika á að sækja nám í FSN.

Túlkapjónusta

Ef kalla þarf til túlk sér skólinn um að panta þá þjónustu og er hún á kostnað skólans.

Samstarf við framhaldsskóla

Elstu nemendur grunnskólans fara á hverju vori í heimsókn í FSN í einn dag og taka þátt í Framhaldsskólaherminum. Námsráðgjafi og kennarar FSN sjá um skipulag þessarar heimsóknar.

Stjórnendur FSN og Grunnskóla Grundarfjarðar funda með reglulega millibili á hverju starfsári.

Samstarf skólanna er sífellt í mótun og vonast er til að geta aukið enn fremur á samstarf þeirra.

Námsgrein lokið / Samstarf við FSN

Hafi nemandi **lokið** námsgrein í grunnskóla með **fullnægjandi** hætti og **tilskyldum** árangri, að mati skólans, skal leitast við að nemandi fái nám og kennslu við hæfi.

Er þá leitast við að nemendur sækji nám á framhaldsskólastigi, samanber 26. grein grunnskólalaganna.

Fyrir liggur ákveðið samkomulag milli Grunnskóla Grundarfjarðar og FSN um framkvæmdina. Samkomulag er í gildi milli skólanna um að FSN viðurkenni til eininga nám þeirra nemenda sem stunda áfanga á framhaldsskólastigi.

Endurskoðað haust 2019

Samstarf grunnskóla og leikskóla

Gott samstarf hefur skapast milli grunnskóla og leikskóla mörg undangengin ár. Vorið 2016 var elsti árgangur leikskólanemenda fluttur í skólahúsnæði grunnskólans. Á hverju hausti er skipulag samstarfsins sett upp og fylgt eftir út skólaárið. Samstarfið kallast Brúum bilið.

Samráðsfundir eru haldnir nokkru sinnum á ári. Leikskólanemendum er boðið að taka þátt í starfi með 1. bekk skólans.

Lög og reglugerðir kveða almennt á um mikilvægi samstarfs og samvinnu leikskóla og grunnskóla um að skólastarf svari þörfum barna/nemenda fyrir styðjandi og þroskandi

námsumhverfi. Í því felst að fagfólk á báðum skólastigum hefur faglegar skyldur til að vinna að því að börn þroskist sem best og fái sem heppilegust uppeldisskilyrði í skólum. Í því skyni er samstarfi og tengslum leikskóla og grunnskóla komið á. Gott er að fagfólk á báðum skólastigum komi sér saman um starfsviðmið til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið um samstarf og tengsl leikskóla og grunnskóla.

Í starfsviðmiðum felst að þau eru viðmið um ætlaða, góða framkvæmd á samspili leikskóla og grunnskóla Grundarfjarðar. Starfsviðmiðin eru gerð í þeim tilgangi að auka fagmennsku í starfi og skipulagi skólastarfsins sem komi börnum sveitarfélagsins til góða í námi og leik og ýti undir þroskandi námsumhverfi fyrir börnin. Starfsviðmiðin eiga að vera ákveðið lágmark sem allir skólar eiga að geta þróað enn frekar, sem útfærsla á aðalnámskrám skólastiganna um mikilvægi samstarfs og tengsla skólastiganna.

Af hverju starfsviðmið um samstarf leik- og grunnskóla?

1. Það er krafa á grundvelli laga og reglugerða um leikskóla og grunnskóla að stefna sé til um samstarf og tengsl skólastiganna sem er útfærð í stefnumörkun einstakra skóla og birtist í skólanámskrám/starfsáætlunum/starfsskýrslum.
2. Það er fagleg skylda starfsfólks í leikskólum og grunnskólum að vinna að því að samhengi sé í námi og kennslu barna og það nái yfir mörk skólastiganna.
3. Það er hagkvæm framkvæmd um samstarf leikskóla og grunnskóla að yfirlýst starfsviðmið séu til um samstarf skólastiganna til að allir séu meðvitaðir um eigin ábyrgð og skyldur.
4. Samstarf og tengsl leikskóla og grunnskóla skal færa nemendum betri námsskilyrði og líkur séu á meiri samfelli í námi barna en ef samstarfsviðmið væru ekki fyrir hendi.

Starfsviðmið sem grundvöllur samstarfs og tengsla leikskóla og grunnskóla. Starfsviðmið um samstarf og tengsl leikskóla og grunnskóla eru byggð á lögum og reglugerðum og fylgt eftir í skólastefnu Grundarfjarðarbæjar. Þetta eru m.a.:

- Lög um leikskóla (2008)- og síðari tíma breytingum á þeim.
- Lög um grunnskóla (2008)- og síðari tíma breytingum á þeim.
- Aðalnámskrá leikskóla (2011)
- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti (2011) og greinasvið (2013)
- Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik og grunnskóla.
- Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum – og síðari tíma breytinga á þeim.

Verkefni um samstarf og tengsl leikskóla, 5 ára deildar (Eldhamra) og grunnskóla

Skólarnir þurfa að hafa frumkvæði og bera ábyrgð á:

1. Snemmtæk íhlutun –
 - a. Viðhafa óformlegt mat, greining fari fram vegna nemenda sem hafa sérþarfir (nám, fötlun, líðan, félagslegar aðstæður).

Leikskóli – Hljóm2 og hreyfifærnimat.

Grunnskóli – Lesferill.
 - b. Að fylgja íhlutunarferli einstakra nemenda eftir milli skólastiga.
2. Viðhafa virka upplýsingamiðlun –
 - a. Halda fasta samráðsfundi kennara/stjórnenda skólanna á hverju skólaári, a.m.k. einn undirbúningsfund í upphafi skólaárs og einn matsfund í lok skólaársins.
 - b. Kynna foreldrum barna/nemenda í skólunum samstarf og tengsl skólastiganna á hverju skólaári eins og við á (skólanámskrá/starfsáætlun).
3. Draga úr neikvæðum áhrifum skólaskila-
 - a. Boðið sé á hina ýmsu viðburði sem eru í skólum og afmörkuðum hópum eftir atvikum s.s. sýningar, afmæli, árshátíðir o.fl.
 - b. Að nýta aðstöðuna hjá hvor öðrum eins og þörf er á til að auðga skólastarfið
 - c. Hafa reglulegar heimsóknir barna/nemenda milli skólanna
4. Viðhafa samfellu í námi –
 - a. Viðhalda föstu samstarfi milli skólanna
 - b. Að viðhafa ýmis verkefni sem stuðla að virku samstarfi leikskóla og grunnskóla s.s. vinabekki milli leikskólans og grunnskólans, gagnkvæmar skólaheimsóknir nemenda o.s.frv.
 - c. Að efla samstarf um kennslufræðileg verkefni (t.d. sem þróunarverkefni) miðla námsefni og öðru kennsluefni, auka skilning á námi og kennslu á hvoru skólastigi fyrir sig með það að markmiði að efla samfellu í námi barna/nemenda.
 - d. Að vinna stefnu og framkvæmdaáætlanir um samstarf skólastiganna
 - e. Að hafa tímanlegar kynningar og nauðsynlega upplýsingagjöf um væntanlega skólagöngu 6 ára barna til foreldra áður en grunnskólaganga hefst.
5. Bæta líðan í skóla-
 - a. Kynna leikskólabörnum á síðasta ári grunnskólastarf og tengja þau við grunnskólann s.s. með reglulegum heimsóknum allt skólaárið..

Tengsl við nærsamfélagið og nýting til náms

Skólinn leggur áherslu á að tengjast nærsamfélaginu á sem fjölbreyttastan hátt, svo sem með heimsóknum á leikskóla og á dvalarheimili ásamt því að fara í vinnustaðaheimsóknir og að fá gesti utan úr bæ til að kynna störf sín og fyrirtæki.

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýir einstaklingar flytja á staðinn og hefja skólagöngu við Grunnskóla Grundarfjarðar er lögð áhersla á að taka hlýlega á móti þeim. Umsjónarkennari og aðrir kennarar eru upplýstir um tilvonandi nemanda og gert ráð fyrir húsgögnum fyrir hann í viðeigandi stofu.

Í fyrstu kemur nemandinn í skólann í kynnisferð með foreldrum sínum og farið er yfir skólahúsnæði og þær reglur og gildi sem ríkja í skólanum og hann kynntur fyrir þeim starfsmönnum sem hann kemur til með að vera í samskiptum við eftir því sem við verður komið. Síðan kemur viðkomandi nemandi í skólann daginn eftir. Ef um unga nemendur er að ræða sem eru óöruggir er æskilegt að foreldri fylgi þeim í einhverja daga í skólann meðan þeir er að venjast umhverfinu. Sjá nánar í móttökuáætlun nýrra nemenda á heimasíðu skólans www.grundo.is.

Nýbúakennsla

Þegar tekið er á móti nýbúum með annað móðurmál en íslensku sem eru að hefja göngu sína í skólanum er reynt að leggja áherslu á að þeir kynnist málinu sem best í upphafi. Stefnt er að því að nemandinn fái a.m.k. 3 stundir á viku í markvissri íslenskukennslu fyrstu vikurnar eða mánuðina eftir því hve fljótir þeir eru að ná grunninum. Það fer bæði eftir skyldleika móðurmáls þeirra við okkar mál og því hve sterkir og samviskusamir námsmenn þeir eru hve fljótt þeir komast inn í málið. Þeir sækja einnig aðra tíma með bekkjarfélögum sínum skv. stundaskrá. Þegar á líður er dregið úr þessari markvissu íslenskukennslu og nemandinn verður meira með bekknum.

Ráð og nefndir

Skólaráð

Samkvæmt 8. grein grunnskólalaga frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Það tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráðið fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun skólans, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um

skólastarfið. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn og í því eru tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, einn fulltrúi grenndarsamfélags og tveir fulltrúar nemenda ásamt skólastjóra. Skólastjóri stýrir starfi ráðsins og ber ábyrgð á stofnun þess. Í skólaráði eru (birt með fyrirvara um breytingar). Sigurður Gísli Guðjónsson skólastjóri, Katarzyna Bajda og Rut Rúnarsdóttir sem fulltrúar foreldra og fulltrúi grenndarsamfélagsins er Helga Sjöfn Ólafsdóttir. Fulltrúar kennara eru Dagbjört Lína Kristjánsdóttir og Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir. Fulltrúi starfsmanna er G. Jenný Ríkarðsdóttir og fulltrúar nemenda eru: Krista Rún Þrastardóttir og Steinunn Cecília. Anna Kristín Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri situr fundi og ritar fundargerð.

Skólanefnd

Skólanefnd hefur eftirlit með því að allir nemendur í Grundarfirði fái þá lögbundnu fræðslu og þjónustu sem þeim ber, og að aðbúnaður, öryggi og hollustuhættir í skólum bæjarins séu í samræmi við lög og reglur.

Nefndin styður faglegt skólastarf, fylgist með framkvæmd skólanámskrár og stefnu sveitarfélagsins og tryggir reglulegt upplýsingaflæði milli skóla, foreldra og sveitarstjórnar.

Nemendaverndarráð

Hlutverk þess er, eins og segir í reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum, að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þar er fjallað um málefni sem snerta velferð nemenda námslega, félagslega og tilfinningalega. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, deildarstjóri, fulltrúi heilsugæslu og fulltrúi frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, og er þá um að ræða sálfræðing og/eða félagsfræðing. Allir starfsmenn skólans og forráðamenn nemenda geta vísað málum til nemendaverndarráðs og skal það gert skriflega á þar til gerðum eyðublöðum. Öll mál sem rædd eru í nemendaverndarráði eru trúnaðarmál.

Nemendaráð/nemendafélag

Við hvern skóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð (sjá 9. gr. lög nr. 91/2008 um grunnskóla).

Lög NGG. Endurskoðuð og breytingar samþykktar 4. október 2010.

- 1.gr. Félagið heitir NGG (Nemendafélag Grunnskóla Grundarfjarðar)
- 2.gr. Aðsetur er Grunnskóli Grundarfjarðar
- 3.gr. Hlutverk nemendaráðs NGG er að:
Vinna að og skipuleggja félagsstarf í skólanum í samstarfi við skólastjóra.
Vera rödd nemenda í málum tengdum hagsmunum þeirra.
Vera jákvæðar og uppbyggilegar fyrirmyndir annarra nemenda.
Virkja sem flesta nemendur til starfa og þátttöku í félagslífi skólans.
Stuðla að góðri umgengni, jákvæðum samskiptum og uppbyggilegum lífsháttum.
- 4.gr. Nemendaráð skal kosið í upphafi skólaárs. Kjósa skal 2 fulltrúa úr 8. bekk, 2 úr 9. bekk og ritara og formann úr 10. bekk. Nemendaráð skal árlega velja annan fulltrúa af tveimur úr 9. bekk til setu í skólaráði til tveggja ára í senn.
- 5.gr. Nemendaráð skal funda með skólastjóra a.m.k. tvisvar á skólaári eða eins og þurfa þykir. Valdir fulltrúar nemendaráðs sitja fundi skólaráðs.
- 6.gr. Félagar skulu að öllu leiti fara að gildandi skólareglum.
- 7.gr. Endurskoða skal lög þessi í upphafi hvers skólaárs.

Ýmsar áætlanir

Forvarnaráætlun

Í Grunnskóla Grundarfjarðar er unnið eftir forvarnaráætlun skólans sem tekur til almennra forvarna, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Grunnskóla Grundarfjarðar ber skylda til þess að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast tóbaki eða öðrum vímuefnum sem og annarri fíkn. Í þessari áætlun er fjallað um forvarnir innan skólans, viðbrögð skólans þegar upp kemur grunur eða vitneskja um fíkn og góð ráð til foreldra. Sjá nánar á heimasíðu grunnskólans, <https://www.grundo.is/>

Eineltisáætlun

Skólinn hefur sett sér áætlun til þess að vinna eftir þegar grunur vaknar um einelti. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk og nemendur skólans séu meðvitaðir um hvað einelti er, hvernig það birtist og um úrvinnslu. Allt starfsfólk þarf að vera vel vakandi yfir félagslegri, andlegri og líkamlegri velferð nemenda. Eineltisáætlunin er í heild sinni birt í skólanámskrá skólans og á heimasíðu skólans.

Í skólanum starfar eineltisteymi og ákveðnar verklagsreglur gilda um meðferð eineltismála. Sjá nánar á heimasíðu grunnskólans, [grundo.is](https://www.grundo.is/)

Forvarnaráætlun gegn hvers konar ofbeldi

Skólinn vinnur að gerð áætlunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og mun hún verða birt á heimasíðu skólans grundo.is.

Áætlunin verður unnin samkvæmt Þingsályktun Nr. 37/150, samþykkt 3. júní 2020, um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025. Þingskjal 1609 — 643. mál.

Öryggis- og slysavarnir

Öryggisnefnd starfar í skólanum samkvæmt reglugerð um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja nr. 77/1982. Í henni sitja fjórir aðilar, tveir kosnir af starfsfólki sem eru öryggistrúnaðarmenn skólans og tveir skipaðir af atvinnurekanda sem eru öryggisverðir. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög. Allir þessir aðilar fara á öryggisnámskeið sem er haldið af Vinnueftirlitinu.

Skyndihjálparáætlun

Grunnskóli Grundarfjarðar hefur yfir stórum og miklum mannvirkjum að ráða og er leitast við að gera þær þannig úr garði að aðkoma og umhverfi sé aðlaðandi og öruggt. Reynt er af fremsta megni að koma í veg fyrir slysaágang. Grunnskólinn ásamt Eldhömrum er fjölmennur vinnustaður þar sem um 130 börn og um 30 starfsmenn eru við leik og störf við hinar ýmsu aðstæður eins og námskrá skólans gefur tilefni til. Skólareglur og ýmsar starfsreglur eru settar til að reyna að fyrirbyggja slys og hættur. Þó er aldrei hægt að komast algerlega hjá veikindum, meiðslum og slysum.

Skólinn stendur fyrir skyndihjálparnámskeiði þriðja hvert ár og stuttum upprifjunarnámskeiðum hin árin. Allt starfsfólk skólans skal sækja þessi námskeið enda fara þau fram á vinnutíma. Sjá nánar á heimasíðu grunnskólans, <https://www.grundo.is/>

Rýmingaráætlun

Ef til þess kemur að rýma þarf skólann skyndilega er unnið samkvæmt rýmingaráætlun skólans þar sem ákveðnir verkferlar fara í gang.

Jafnrétti og mannréttindi

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grunnskóla Grundarfjarðar er byggð á jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar, sem var endurskoðuð og samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 7. apríl 2016.

Markmið með gerð jafnréttis- og mannréttindastefnu Grunnskóla Grundarfjarðar er að stuðla að jafnri stöðu kynjanna og að hver og einn einstaklingur verði metinn út frá eigin forsendum. Þar sem miðað er að því að allt starfsfólk og allir nemendur skólans geti notið sama réttar í öllu skólastarfi án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúbragða, skoðana, kynferðis, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnréttis- og mannréttindastefna Grunnskóla Grundarfjarðar var endurskoðuð í ágúst 2023. Áætlunin er til þriggja ára og verður endurskoðuð næst í janúar 2026. *Sjá nánar á heimasíðu grunnskólans, <https://www.grundo.is/>*

Viðbrögð við áföllum

Þegar um áföll er að ræða sem tengjast nemendum eða starfsfólki skólans fer ákveðið vinnuferli í gang eftir eðli áfallsins. Markmiðið er að sýna hlýju og nærgætni, styrkja og styðja við bakið á þeim sem verður fyrir áfalli. Mikilvæg er að hafa nánasta aðstandanda alltaf með í ráðum og bera allar aðgerðir skólans undir hann til samþykkis. Æskilegt er að umsjónarkennarar og foreldrar séu í nánu sambandi þegar það á við. Gott samstarf við heimilin eru ómetanlegur stuðningur við nemendur. Sjá nánar á heimasíðu grunnskólans, <https://www.grundo.is/>

Agamál - skólareglur

Skólareglur Grunnskóla Grundarfjarðar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, hvort heldur í kennslu, innan veggja skólans eða utan, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, félagsstarfi eða ferðalögum. Til að starfsandi og skólabragur sé sem bestur í okkar skóla höfum við sett okkur fáar og skýrar reglur. Einnig kemur þar skýrt fram hvernig brugðist er við agabrotum.

Skólareglur Grunnskóla Grundarfjarðar eru:

- Við mætum stundvíslega.
- Við stundum námið af bestu getu.
- Við berum ábyrgð á eigin hegðun.
- Einelti er ekki liðið.
- Við komum fram af kurteisi og tillitssemi og förum að fyrirmælum starfsfólks.
- Við göngum vel um og stofnum hvorki öryggi okkar né annarra í hættu.
- Við hugum vel að heilsu okkar og neytum ekki tóbaks, áfengis eða ólöglegra vímuefna

- símar eru eingöngu leyfðir í kennslustundum með leyfi kennara og í hádegishléi hjá unglingum.

Óviðeigandi hegðun nemenda er þegar:

- Nemandi hegðar sér ekki í samræmi við skólareglur og almennar kurteisis- og samskiptareglur.
- Nemandi veldur með hegðun sinni truflun á skólastarfi og/eða vanlíðan hjá öðrum nemendum eða starfsfólki.

Viðurlög ef út af bregður vegna mætingar eða hegðunar nemenda:

Vegna mætingar

- Ef mætingu er ábótavant leitar umsjónarkennari skýringa hjá forráðamönnum.
- Ef óeðlilegar fjarvistir halda áfram eru forráðamenn boðaðir á fund með umsjónarkennara/skólastjórnendum.
- Ef ekki næst viðunandi niðurstaða er málinu vísað til nemendaverndarráðs og/eða barnaverndar.

Vegna agamála

- Viðkomandi kennari ræðir við nemanda einslega.
- Brjótí nemandi ítrekað eða alvarlega gegn skólareglum, ræðir umsjónarkennari við nemanda og foreldra/forráðamenn.
- Ef enn situr við það sama vísar viðkomandi umsjónarkennari málinu til skólastjórnenda sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund um málið og reynt að finna lausn mála.
- Reynist viðleitni skólastjórnenda árangurslaus er málinu vísað til nemendaverndarráðs og í framhaldi til fræðslufirvalda.

Vegna ofbeldismála

- Ef um gróft ofbeldi er að ræða er nemanda vísað heim.
- Haldinn fundur með nemanda, forráðamönnum, umsjónarkennara og skólastjórnendum eins fljótt og auðið er.
- Ef endurtekið ofbeldi á sér stað er málinu vísað til nemendaverndarráðs eða barnaverndar eftir atvikum.
- Vegna eineltismála
- Fáí skólinn tilkynningu um einelti er unnið samkvæmt eineltisáætlun skólans ásamt því að stuðst er við leiðbeiningar frá MMS um vinnslu eineltismála.

Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita á öllum stigum málsins og það unnið í samvinnu við þá. Í samræmi við ákvæði laga um stjórnslu er nemandanum og forráðamönnum tryggður andmælaréttur og viðurlög taki mið af jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.

Það verður að hafa í huga að: “Brottvísun úr skóla er stjórnsluákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993, við alla málsmeðferð.”